

REGLUR

um breytingu á reglum um stjórnskipulag viðskipta- og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri, nr. 864/2009.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „grunn- og meistarastigi“ í 1. mgr. kemur: grunn-, meistara- og doktorsstigi.
- b. 2. málslíður 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „gerir tillögu“ í 1. mgr. kemur: veitir umsögn til rektors.
- b. Í stað „16. gr.“ í 1. mgr. kemur: 17. gr.
- c. Í stað orðsins „stundakennurum“ í 2. mgr. kemur: deildarfundi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. Í stað „17. gr.“ í 1. mgr. kemur: 18. gr.
- b. 2. mgr. orðast svo: Í deildaráði eiga sæti auk forseta fræðasviðs, staðgengill hans, deildarformenn, brautarstjórar, tveir fulltrúar kennara í hverri deild, valdir af deildarfundi til tveggja ára í senn og einn fulltrúi nemenda í hverri deild tilnefndur af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „tveggja“ í 3. mgr. kemur: fjögurra.
- b. Í stað „15. gr.“ í 4. gr. reglnanna kemur: 16. gr.
- c. Í stað „14. gr.“ í 4. gr. reglnanna kemur: 15. gr.

5. gr.

3. mgr. 5. gr. reglnanna fellur brott.

6. gr.

1. málslíður 2. mgr. 6. gr. reglnanna orðast svo: Sæti í deild og þar með seturétt og tillögurétt á deildarfundum eiga aðjúnktar, lektorar, dósentar og prófessorar sem ráðnir eru í stöðu við deildina, einn fulltrúi stundakennara við deildina tilnefndur af deildarfundi til eins árs í senn og tveir fulltrúar nemenda sem tilnefndir eru af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn og einn fulltrúi doktorsnema, valinn af doktorsnemunum við deildina til eins árs í senn.

7. gr.

Orðin „og tölvunarfræði“ í 2. mgr. 8. gr. reglnanna falla brott.

8. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af háskólaráði, eru settar með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum, sbr. einnig 14. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009, öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 25. júní 2020.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.